

(B. XXXII, 1).

Nd.

74. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 8, frá 20. júní 1923, um rikisskuldabryf.

Flutningsmenn: Jón Sigurðsson og Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Stjórnin má þó gefa út skuldabryf með 25 og 50 kr. nafnverði, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

2. gr.

Við niðurlag 7. greinar bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er þó rikisstjórninni að ákveða, að skuldabryf, sem gefin eru út vegna lántöku samkvæmt 4. gr. laga nr. 62, frá 28. nóv. 1919, megi draga inn, $\frac{1}{15}$ — $\frac{1}{25}$ hluta árlega, ef sýslunefnd hlutaðeigandi sýslufjelags, er lagt hefir lánsfjed fram, óskar þess og lánsupphæðin er að minsta kosti 25 þús. krónur.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk mjög margra Skagfirðinga. Það er þegar komið í ljós, að sum af ákvæðum laganna um rikisskuldabryf hamla því mjög, að einstakar sveitir og sýslufjelög geti útvegað rikissjóði það fjá að láni, sem með þarf og krafist hefir verið, ef um stærri brúargerðir hefir verið að ræða.